



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Verkefni styrkt af verkefnasjóði RMF 2012-2015

Stutt lýsing á markmiðum og tilgang hvers verkefnis

Verkefnastjórar

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2012

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460-8930

Fax: (+354) 460-8919

Rafþóstur: edward@unak.is

Veffang: www.rmf.is

Titill: Verkefni styrkt af verkefnasjóði RMF 2012-2015. Stutt lýsing á markmiðum og tilgang hvers verkefnis

Höfundar: Verkefnastjórar

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Prentun: Stell (www.stell.is)

Númer: RMF-S-05-2012

ISBN: 978-9935-437-11-2

ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd er af árbakka á Norðurlandi. Ljósmynd: Lusine Margaryan.

Skýrslan er prentuð á 100g Clairfontane pappír

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Verkefni styrkt af verkefnasjóði RMF 2012-2015

Stutt lýsing á markmiðum og tilgang hvers verkefnis

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
DESEMBER 2012

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Myndir og töflur	4
Inngangur	5
Ferðaþjónusta og jaðarsamfélög - áhrif og afleiðingar.....	9
Markmið	9
Aðferðir	10
Hagnýtt gildi	11
Þjóðhagslegur ávinnungur ferðaþjónustu	13
Markmið	14
Tenging þjóðhagsstærða við svæðisbundna ferðaþjónustu	15
Hagnýtt gildi	17
Þolmörk ferðamennsku.....	21
Markmið	22
Hagnýtt gildi	23
Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði	25
Markmið	26
Aðferðir	26
Hagnýtt gildi	27
Ferðaþjónusta í byggðum landsins.....	29
Markmið	29
Aðferðir	30
Hagnýtt gildi	31
Heimildir	33

Snú fyrir mynda- og töfluskrá

Myndir og töflur

Mynd 1: Hagræn áhrif ferðaþjónustunnar..... 30

Tafla 1: Þátttakendur í stefnumótun RMF dagana 10. og 11. febrúar 2012	5
Tafla 2: Verkefni sem styrkt voru af stjórn RMF vorið 2012.	8
Tafla 3: Fyrri kannanir meðal ferðafólks á náttúrusvæðum.....	22

Inngangur

Í greinargerð með fjárlögum ársins 2012 kemur fram að framlag til Háskólangs á Akureyri skuli hækkað um 30 milljónir gagngert til „að styrkja rekstrargrundvöll Rannsóknamiðstöðvar ferðamála“. Er framlagið ætlað „til þess að fastráða og fjölga starfsmönnum þannig að uppbygging þekkingar á þessu sviði verði á varanlegrí og traustari grundvelli.“ (Greinagerð með fjárlögum, 2012, bls. 260-261). Þetta aukna framlag kemur gegnum Mennta- og menningarmálaráðuneytið og tekið er fram að önnur framlög haldist óbreytt.

Í ljósi þeirra möguleika sem fjárveitingin gefur hóf stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF) undirbúning að ráðstöfun strax í upphafi árs 2012. Dagana 10. og 11. febrúar var boðað til stefnumótunar fundar á Hótel Natura í Reykjavík. Fundinn leiddi Davíð Lúðvíksson frá Samtökum Iðnaðarins og mættu 19 fulltrúar ýmissa stofnanna á fundinn. Í töflu 1 má sjá þá sem tóku þátt í að móta stefnu RMF á grunni nýrra fjárveitinga.

Tafla 1: Þátttakendur í stefnumótun RMF dagana 10. og 11. febrúar 2012

Nafn	Stofnun
Anna Dóra Sæþórsdóttir	Háskóli Íslands
Anna Karlsdóttir	Háskóli Íslands
Bjarnheiður Hallsdóttir	Samtök ferðþjónustunnar
Edward H. Huijbens	Rannsóknamiðstöð ferðamála
Guðrún Helgadóttir	Háskólinn á Hólum
Gunnar Þór Jóhannesson	Háskóli Íslands
Helgi Gestsson	Háskólinn á Akureyri
Hjalti Jóhannesson	Háskólinn á Akureyri
Ingjaldur Hannibalsson	Háskóli Íslands
Katrín Anna Lund	Háskóli Íslands
Kristina Tryselius	Háskólinn á Hólum
Lára Magnúsardóttir	Fræðasetur Háskóla Íslands
Magnfríður Júlíusdóttir	Háskóli Íslands
Oddný Þóra Óladóttir	Ferðamálastofa
Rannveig Ólafsdóttir	Háskóli Íslands
Rögnvaldur Guðmunds	Rannsóknir og Ráðgjöf ferðabjónustunnar
Rögnvaldur Ólafsson	Háskóli Íslands
Þorleifur Þór Jónsson	Íslandsstofa
Þorvarður Árnason	Fræðasetur Háskóla Íslands

Niðurstöður fundarins voru skilgreining framtíðarsýnar, sem hverfist um þrjú meginmarkmið og afgerandi árangursþætti þar að baki. Ítarleg umfjöllum um hvert þeirra er að finna á vef

RMF (www.rmf.is), en hér að neðan er dregin saman kjarni meginmarkmiða og árangursþátta er varða RMF og skipulag hennar beint. Hvað varðar meginmarkmið þá voru þau:

1. Blómleg nýsköpun á grunni rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Samantekið þá á Rannsóknamiðstöð ferðamála að gegna lykilhlutverki í þessari þróun með því að tengja saman fræðasamfélagið og ólíka hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Gegnum miðlun upplýsinga og rannsóknaniðurstaðna, sem byggja á rannsóknum fjölbreytts hóps framhaldsnema með ólíkan bakgrunn, verður fræðilegt og hagnýtt hlutverk RMF skýrt.

2. Farsael þróun ferðamála fyrir land og lýð á grunni rannsókna

Kjarni þessa markmiðs er að þróun og uppbygging ferðaþjónustunnar byggir á rannsóknum til að ná settum markmiðum. Þannig á öflug gagnaöflun og rýni á þeim gögnum sem aflast, t.d. að nýtast fyrir vörupróun og nýsköpun. Þannig er markmiðið að rannsóknir séu framkvæmdar með þátttöku fræðasamfélagsins.

3. Samræmd og skipulögð uppbygging sjálfbærar ferðaþjónustu

Aukin áhersla skal vera á rannsóknir á sjálfbærri ferðaþjónustu sem efla skilning á áhrifum greinarinnar á hagræna, umhverfislegra og félagslega þætti. Hér liggur til grundvallar samstarf við heimafólk og að traust ríki á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Afgerandi árangursþættir að baki þessum markmiðum eru þrír og varða miklu um hvernig hægt er að ná þeim meginmarkmiðum sem talin eru að ofan:

1. Samhugur og samstarf í tengslaneti RMF frá 2012

Rannsóknamiðstöð ferðamála er skilgreind sem ný kynslóð rannsóknastofnana sem byggir á neti rannsakenda um allt land og á hugmyndafræði um gagnvirkt samstarf akademíu, atvinnulífs og opinberra stofnanna og fellur m.a. að triple helix hugmyndinni.

2. Öflugt rannsóknaumhverfi í ferðamálum

Móta þarf skýra stefnu íslenskra stjórnvalda á sviði rannsókna í ferðamálum sem leggur áherslu á öflugt stoð- og styrkjakerfi og stórauknu fjárframlagi til eflingar miðlægrar rannsóknamiðstöðvar.

3. Menntun, þekking og mannauður

Koma þarf upp gagnagrunnum allra fyrirliggjandi rannsókna í ferðamálum frá upphafi, þar sem öllum framtíðarrannsóknum er safnað. Þessi grunnur er jafnan öllum aðgengilegur til frekari úrvinnslu og greiningar, eða veitir upplýsingar um hvar hægt er að fá leyfi til slíks. Allir þeir sem koma að rannsóknum í ferðamálum starfa á sameiginlegum vettvangi þar sem verða til rannsóknateymi um afmörkuð verkefni, sem geta veitt tækifæri til rannsóknaleyfa fyrir kennara og aðkomu annarra sérfræðinga. Samstarfsvettvangurinn mótar meginlínur rannsókna en einstök verkefni styðjast við og eflast af rannsóknum og störfum framhaldsnema og miðast við alþjóðlega gæðastaðla háskólasamfélagsins. Við Rannsóknamiðstöð ferðamála verður kjarni alþjóðlegs hæfs fræðafólks, helgað þeim verkefnum sem skilgreind hafa verið fyrir miðstöðina og ferðamál í landinu almennt.

Stefnumótunarvinnan sem fram fór dagana 10. og 11. febrúar snéri einnig að því að skilgreina verkefni sem vinna skyldi innan ramma þessarar framtíðarsýnar. Voru þau skilgreind kringum:

- Stefnu, skipulag og samstarf RMF,
- Menntun, mannauð, þekkingu og gögn,
- Starfsskilyrði, fjármögnun, stoðkerfi og pólitíska sýn,
- Rannsóknir, vöruþróun, nýsköpun og markaðsstarf.

Helst stóð uppúr af verkefnum að efla þarf PhD nám í ferðamálum og virkja útskrifaða nema til rannsókna, t.d. gegnum skilgreind ný-doktora (e. *Post Doc*) verkefni. Auka þarf fé til þessa og ganga frá styrktarsjóðum sem styðja verkefni og verkefnasvið ferðamála, sem og grunninn sem RMF er. Að öðru leyti voru skilgreind 29 sérstök rannsóknarverkefni og þeim forgangsraðað, en nánari umfjöllun þar um má finna á vef RMF (www.rmf.is).

Niðurstaða þessarar vinnu leiddi til þess að stjórn RMF ákvað að ráða hagfræðing til miðstöðvarinnar beint, en óskir ferðapjónustu á Íslandi hafa verið mjög eindregnar í þá átt að efla greiningu hagtalna og öflun þeirra. Hinsvegar í ljósi þess að RMF er ekki eiginleg stofnun og í anda þess að um „nýja kynslóð rannsóknastofnanna“ væri að ræða, var ákveðið að auglýsa eftir verkefnum meðal þeirra sem starfa við þær stofnanir sem að RMF standa. Þannig var tekin sú ákvörðun að RMF yrði einskonar miðstöð í neti samstarfsaðila, sem starfa að skilgreindum verkefnum um allt land.

Má segja að með þessari auglýsingu hafi verið komið á fót verkefnasjóð og á vormánuðum 2012 bárust 11 tillögur að verkefnum frá aðilum innan opinberu háskólanna, sem þeir vildu vinna. Á fundi stjórnar í lok maí 2012 var ákveðið að veita fé í fimm þessara verkefna, sem unnin skyldu á næstu þremur árum, eða fram á mitt ár 2015 innan ramma hinnar nýju fjárveitingar. Þessi skýrsla tekur saman viðfangsefni, markmið og hagnýtt gildi þessara verkefna, en þau eru talin í töflu 2 og á eftir fylgir umfjöllum um hvert þeirra.

Tafla 2: Verkefni sem styrkt voru af stjórn RMF vorið 2012.

Verkefni	Tengiliður	Stofnun
Ferðapjónusta og jaðarsamfélög - áhrif og afleiðingar	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Háskólinn á Hólum
Þjóðhagslegur ávinnungur ferðapjónustu	Edward H. Huijbens	RMF
Þolmörk ferðamennsku	Anna Dóra Sæþórsdóttir	Háskóli Íslands
Sustaining Tourism in Protected Areas in Iceland	Þorvarður Árnason	Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði
Ferðapjónusta í byggðum landsins	Lilja B. Rögnvaldsdóttir	Rannsóknasetur HÍ á Húsavík

Ferðaþjónusta og jaðarsamfélög - áhrif og afleiðingar

Rannsóknin er doktorsverkefni Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur og snýst um hin margvísleg áhrif ferðaþjónustu á samfélög í jaðarbyggðum. Fyrsti áfangi doktorsverkefnisins hófst sumarið 2011 sem hluti af alþjóðlegu rannsóknarverkefni um sköpun áfangastaða á norðurslóðum: *Chair in Arctic Tourism. Destination Development in the Arctic (2010-2012)*. Því verkefni er stýrt af Norðmönnum en auk Íslands taka einnig þátt Svíþjóð, Finnland og Kanada. Katrín Anna Lund, dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, lektor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og Gunnar Þór Jóhannesson, lektor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, eru áherslan á að fylgjast með mótu Stranda sem áfangastaðar ferðafólks.

Markmið

Markmið rannsóknarinnar er annars vegar að skoða tilurð og sköpun áfangastaðar í jaðarbyggð og hins vegar hvernig það ferli hefur áhrif á skilning íbúa á heimabyggðinni, umhverfinu og samféluginu. Mjög hefur verið litið til ferðaþjónustu sem nokkurs konar bjargvættis fyrir dreifðari byggðir, þar sem atvinnulíf hefur verið einhæft og þjónusta af skornum skammti (Nash og Martin, 2003) en lítið er þó vitað hvað gerist þegar svæði eða tiltekin staður verða áfangastaðir og þannig endurskilgreindir í ljósi þarfa atvinnugreinar sem er jafn margþætt og ferðaþjónusta.

Í rannsóknaráætlunum RMF um menningu og ferðaþjónustu og í áherslum stefnumótunar frá 2012 er lögð áhersla á nauðsyn þess að skoða hvort og þá hvernig einstök samfélög á landinu breytist vegna væntinga um uppbyggingu ferðaþjónustu. Áhrif ferðaþjónustu á þætti eins og velferð einstaklinga, samfélagsþróun og þjóðarvitund hafa orðið æ fleirum áhyggjuefni og tilefni til rannsókna (Novelli, Morgan og Nibigira, 2012) enda felur uppbygging ferðaþjónustu í sér flókin samskipti margra ólíkra aðila. Ferðaþjónusta er t.d. ein birtingarmynd hnattvæðingarinnar og hún mótar og stýrir væntingum ferðafólks jafnt sem heimafólks í æ ríkara mæli (Skinner og Theodossopoulos, 2011). Fyrir fámenn byggðarlög dreifbýlisins getur verið snúið að virkja þessar væntingar til hagsbóta fyrir samfélagið (George, Mair og Reid, 2009). Það er ekki síst vegna fámennis og þeirrar staðreyndar að oft eru það aðeins örfáir einstaklingar sem eru virkir gerendur í ferðaþjónustu á svæðinu. Á síðustu árum hefur fræðafólk einmitt beint sjónum sínum í vaxandi mæli á samband

frumkvöðlastarfsemi og ferðaþjónustu og þá ekki síst hvaða hlutverki frumkvöðullinn geginir í svæðisbundinni uppbyggingu ferðaþjónustu (Ateljevic og Page, 2009; Zhao, Ritchie og Echtner, 2011).

Íslensk ferðaþjónusta hefur vaxið hratt á undanförnum árum og er henni nú sem aldrei fyrr haldið opinberlega á lofti, en lítið hefur farið fyrir gagnrýnni umræðu um kosti hennar og galla (Gunnar Þór Jóhannesson og Edward H. Huijbens, 2010). Með þessari rannsókn er leitast við að bregðast við þessu með því að kortleggja og rekja feril og ferla ferðaþjónustu á ákveðnum svæðum, í tíma jafnt sem rými og skoða upplifun ferðaþjónustuaðila jafnt sem íbúa af þróun byggðar í mögulega áfangastaði fyrir ferðafólk.

Aðferðir

Rannsóknin er tilviksrannsókn og svæðin sem skoðuð verða eru þrjú: Strandir, Húnabing Vestra og Borgarfjörður eystri. Þetta eru fámenn byggðarlög og uppbygging ferðaþjónustu hið hefðbundna viðbragð við samdrætti í sjávarútvegi og landbúnaði sem og einhæfni í þjónustu. Á öllum svæðunum hefur ákveðin kjarna frumkvöðlastarfsemi verið áberandi í uppbyggingu ferðaþjónustunnar: Galdrasýningin, Selasetrið og Gönguferðir á Víknaslóðum. Strandir (norðursvæðið) og Borgarfjörður eystri eru endastöðvar ef horft er til vegasamgangna en Húnabing hefur hins vegar glímt við streymi ferðafólks í gegnum svæðið á leið eitthvað annað. Með því að hafa svæðin þrjú gefst kostur á ítarlegum samanburði, sem er forsenda þróunar aðferða við greiningu á áhrifum uppbyggingar ferðaþjónustu í fámennum samfélögum á Íslandi. Rannsóknaraðferðin er eigindleg og meginhluta gagna verður safnað með hálfstöðluðum viðtölum og þátttökuathugunum á vettvangi. Auk þess verður lögð áhersla á greiningu orðræðu í opinberum gögnum, kynningarefni og öðru efni sem snertir ferðaþjónustu viðkomandi svæða.

Einnig verður lögð áhersla á að greina lykilgerendur í uppbyggingu og þróun ferðaþjónustunnar á hverju svæði og þannig mun rannsóknin falla vel að markmiðum rannsóknaráætlunar RMF um hagræn áhrif ferðaþjónustu, einkum hvað varðar aukinn skilning á starfi frumkvöðla í ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Hagnýtt gildi

Leiðarljós þessa verkefnis er best lýst með orðum Ren o.fl.:

Að gera sér grein fyrir samþættingu rannsókna í ferðaþjónustu og stjórnun ferðaþjónustu við að skapa og leiða af sér ferðaþjónustu þekkingu og upplifun gerir okkur kleyft að fá fram það sem er sterkt og laga það sem er veikt í hvoru tilviki, sem gefur fyrirheit um heilstæðari skilningi á ferðaþjónustu (Ren, Pritchard og Morgan, 2010, bls. 901).

Í ljósi þessa verður lögð áhersla á að miðla niðurstöðum rannsóknar til þátttakenda á vettvangi með kynningarfundum, námskeiðum og greinum í staðarblöð.

Í kjölfar hrunsins haustið 2008 hafa stjórnvöld beint sjónum sínum mjög að ferðaþjónustu og eflingu hennar. Ferðaþjónusta er víðtæk atvinnugrein sem snertir samfélagið allt en rannsóknir á áhrifum ferðaþjónustu hafa verið mjög takmarkaðar. Þessi rannsókn er liður í því að auka skilning á samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustu sem skipta ekki síst máli í hinum dreifðari byggðum landsins. Verkefnið nýtist því ferðaþjónustunni og stjórnvöldum til stefnumótunar í greininni, sem er í samræmi við meginmarkmiðin í stefnu RMF til ársins 2017 þar sem lögð er áhersla á uppbyggingu ferðaþjónustu sem byggir á traustum grunni rannsókna og sé til farsældar fyrir íbúa þessa lands. Þá felur verkefnið í sér þróun aðferða við mat á áhrifum ferðamennsku og ferðaþjónustu og mun þannig vera mikilvægt innlegg í umræðu innan fræðasamfélagsins. Þá verður niðurstöðum verkefnisins miðlað jafnóðum í kennslu við ferðamáladeild Háskólans á Hólum, einkum í námskeiðunum Sveitir og sjávarbyggðir og Málstofa um íslenskt samfélag sem hvoru tveggja eru þriðja árs námskeið.

Náið samstarf verður haft við lykilaðila í ferðaþjónustunni á hverjum stað. Þegar er um að ræða formlegt samstarf við Selasetur Íslands á Hvammstanga og stefnt er að svipuðu samstarfi við Ferðamálahóp Borgarfjarðar. Á Ströndum hefur samstarf við Strandagaldur verið þýðingarmikill liður í framvindu rannsóknarinnar.

Á vegum starfsfólks Ferðamáladeilda Háskólans á Hólum eru nú þegar í gangi nokkur rannsóknarverkefni á sviði ferðamála, sem öll tengjast með einum eða öðrum hætti

ferðaþjónustu í Húnavatnssýslum og mun náið samstarf verða við þau verkefni á rannsóknartímanum.

Að auki er stefnt að samstarfi við erlenda þáttakendur í verkefninu *Chair in Arctic Tourism*, einkum á sviði greinarskrifa.

Þjóðhagslegur ávinnungur ferðaþjónustu

Hagstofa Íslands hefur safnað tölfræðilegum upplýsingum á helstu sviðum hagskýrslna í samræmi við regluverk ESB allt frá samþykkt EES-samningsins árið 1994. Á þessum grundvelli hefur Hagstofan safnað og birt upplýsingar um ferðaþjónustu reglulega. T.a.m. hefur Hagstofan verið með reglubundna söfnun um framboð af gistirými frá árinu 1984 og um gestakomur á gististaði frá 1995. Samkvæmt nýrri reglugerð Evrópusambandsins (692/2011) um söfnun tölfræðilegra upplýsinga á sviði ferðaþjónustu koma fram tilmæli um að auka söfnun á þann veg að uppgjör á ferðaþjónustu verði betur tengt við efnahagslega mælikvarða og hið evrópska flokkunarkerfi sem tilheyrir athafnasviði þjóðhagsreikninga. Í þessu samhengi er vísað í sk. ferðaþjónustureikninga (e. *Tourism Satellite Account*) og mælt með að þeir verði umgjörð og grundvöllur að hagskýrslugerð yfir ferðaþjónustu í framtíðinni. Ferðaþjónustureikningar eru hliðarrekningar við hið alþjóðlega kerfi þjóðhagsreikninga (e. *System of National Account SNA2008*), þar sem beitt er fast mótuðum aðferðum til að mæla hinar ýmsu þjóðhagsstærðir í efnahagslífi þjóða. Það er það kerfi og sá farvegur sem alþjóðasamfélagið mun nota við hagskýrslugerð yfir efnahagsstarfsemi á landsvísu og eftir landssvæðum í framtíðinni.

Ein algengasta þjóðhagsstærð sem notuð er í hagfræði er verg landsframleiðsla (e. *Gross Domestic Product*). Samhengi landsframleiðslu við aðrar þjóðhagsstærðir er lýst með sk. jöfnu Keynes sem er eftirfarandi:

$$GDP = C + I + G + X - M$$

Í jöfnu Keynes gildir: Verg landsframleiðsla (GDP) = neysla (C *consumption*) + fjárfesting (I *investment*) + útgjöld hins opinbera (G *government spending*) + útflutningur (X *exports*) – innflutningur (M *imports*).

Ef við setjum ferðaþjónustureikninga í samhengi við jöfnu Keynes hér að ofan, má segja að þeir nái yfir útflutningshluta (X) ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu (GDP). Þannig má hugsa sér að um sé að ræða ákveðinn viðskiptajöfnuð íslenskrar ferðaþjónustu, þegar búið er að taka tillit til innflutningshlutans. Þessi jöfnuður er stærsti hlutinn í þjónustujöfnuði

þjóðarbúsins. Segja má að jafnframt sé um að ræða ákveðinn „greiðslujöfnuð“ ferðaþjónustu til samneyslu (G). Annars végar leggja skattgreiðendur fram til samþjónustunnar og hinsvegar leggur hið opinbera út fyrir þáttum eins og vegakerfi og kostnaði við áfangastaði gestanna. Ekki má gleyma þjóðhagslegum ávinningi af fjárfestingu í greininni (I).

Markmið

Verkefni RMF um þjóðhagslegan ávinning ferðaþjónustu tengist uppgjöri á ferðaþjónustu sem atvinnugrein og snýr að því að efla og styrkja ferðaþjónustureikninga. Samkvæmt niðurstöðum ferðaþjónustureikninga á Íslandi er útflutningur á ferðaþjónustu mikilvægur þáttur í hagkerfi landsins. Meginheimild við mat á útgjöldum erlendra ferðamanna byggir á niðurstöðum úr þjónustujöfnuði (e. *BOP: Balance Of Payments*) milli landa sem ætti að kallast á við flokkun þjónustuviðskipta (e. *Classification of International Transactions in Services*). Aðferðafræði, skilgreiningar og hugtakanotkunin á að vera sambærileg milli þessara tveggja staðla en er það ekki í raun. Verkefnið mun greina mismun milli þessara tveggja mælinga og meta hvaða upplýsingar vantar til að hægt sé að uppfylla ýtrustu kröfur alþjóðlegra staðla. Markmiðið er að birta opinberar tölur um gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum á Íslandi með reglubundnum hætti.

Verkefnið mun einnig beina athyglinni að því að meta fjárfestingu í ferðaþjónustu. Í alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga er lagt til að lönd birti yfirlit yfir fjárfestingu í ferðaþjónustu og beiti við það sömu aðferðum og beitt er við mat á framleiðsluvirði og vinnsluvirði í greininni. Efnahagslegt mikilvægi fjármunamyndunar kemur fyrst og fremst fram í því hlutverki að auka framleiðslu og neyslu í framtíðinni enda er hagvöxtur nær óhugsandi án þess að aukning verði á þeim fjármunum sem viðkomandi hagkerfi hefur til umráða. Vinna við upplýsingar um fjárfestingu í ferðaþjónustu eru afar mikilvægar og nauðsynlegar ekki síst vegna umræðu um stóraukna fjárfestingu í greininni næstu ár. Þegar upplýsingar um fjárfestingu í ferðaþjónustu liggja fyrir fer greinin að nálgast það að standa jafnfætis öðrum atvinnugreinum varðandi skýrslugerð um atvinnuvegi hérlandis. Þannig væri hægt að taka á mun ábyrgari hátt þátt í umræðu um t.d. hótelbyggingar við Hörpu, fjárfestingar á Grímstöðum, áhrif endurnýjunar flugflota Icelandair og áhrif hækkanar virðisaukaskatts á uppbyggingu gistiryðma, svo eitthvað sé nefnt.

Í þriðja lagi þá snýst verkefnið um að að endurbæta og staðfesta núverandi hlutföll bakvið vinnslu og framleiðsluvirði ferðaþjónustureikninga. Í dag er gengið útfrá því að tiltekið hlutfall af veltu fyrirtækja sé ferðaþjónusta og fer það hlutfall eftir því í hvað grein ferðaþjónustu fyrirtækið er eða hvernig það tengist greininni. Þessi hlutföll þarf að sannreyna og verður það gert í þessu verkefni gegnum nána samvinnu við verkefnið *Ferðaþjónusta í byggðum landsins*, sem nánar er fjallað um að neðan.

Í fjórða lagi mun verkefnið beina athyglinni að því að tengja rekstareiningar í gistenáttagrunni Hagstofunnar við ISAT 2008. Samkvæmt hinni nýju reglugerð Evrópusambandsins (692/2011) um söfnun tölfræðilegra upplýsinga á gististöðum skal flokka upplýsingar í gistiskýrslum samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins NACE. Íslensk atvinnugreinaflokkun – ISAT 2008 – er byggð á þeirri atvinnugreinaflokkun. Hingað til hafa gististaðir í gistiskýrslum Hagstofunnar ekki verið flokkaðir eftir atvinnugreinum samkvæmt atvinnugreinaflokkun.

Þannig snýr verkefnið að því að greina heildstætt núverandi forsendur og skilgreiningar að baki ferðaþjónustureikningum Hagstofu Íslands, greiningu innviða og rekstrarumhverfis ferðaþjónustu og hvaða möguleikar eru á að tengja uppgjör reikningana við gistiskýrslur, landshlutauppgjör og ólíkar forsendur atvinnugreinarinnar eftir svæðum landsins. Þessi vinna ætti að geta lagt grunn að því að greina virðis- og framleiðslukeðjur greinarinnar og margfeldis áhrif. Auk þessa snýr verkefni að því að gera þær upplýsingar sem til verða úr þeim fjórum þáttum sem nefndir eru að ofan aðgengilegri þannig að þær nýtist fyrirtækjum og stjórnvöldum betur til upplýstrar ákvörðunartöku. Með aðgengileik er ekki aðeins átt við að hægt sé að nálgast upplýsingarnar heldur einnig að þær séu á því formi að fólk með sæmilega þekkingu skilji þær.

Tenging þjóðhagsstærða við svæðisbundna ferðaþjónustu

Mikilvægt markmið þessa verkefnis er að nálgast leiðir til að skilja hvernig þýða má þær þjóðhagsstærðir sem greina má úr ferðaþjónustureikningum yfir á einstök svæði eða áfangastaði ferðafólks. Svokallað þyngdarafslíkan (e. *gravity model*) mun nýtast við að upplýsa um slíkt, því það byggir í grunninn á að mæla flæði milli staða. Grunnskilgreining þyngdarafls eins í Isaac Newton setti það fram er að á milli allra hluta er kraftur sem vex eftir því sem hlutirnir eru stærri og fjarlægðin minni. Ein útfærsla þyngdarafslíkansins felur það í

sér að útflutningur (e. *export*) er meðal annars fall af vergri landsframleiðslu (GDP) og fjarlægð, sem endurspeglar samspli þeirra Keynesiskra mælistærða sem kynntar voru að ofan.

Í efnahagslegu tilliti er hægt að nýta þyngdarafslíkanið þannig að það skýri flæði ferðafólks, fjárfestingar, eða vöru og þjónustu milli landshluta. Flæðið ræðst þá af efnahaglegri vigt svæða, sem og fjarlægð milli þeirra. Þannig skapar það svæðum vigt ef þau skapa mikil verðmæti, sem skila sér til vergrar landsframleiðslu (GDP). Möguleg hagskýrslusvæði eins og Hagstofan leggur nú til að unnið verði útfrá gætu reynst mikils virði við að varpa ljósi á þetta framlag fyrir einstök svæði, ef vel verður að gagnaöflun staðið. Einnig geta staðbundnar athuganir á framlagi svæðis reynst mikilvægar, eins og til stendur að RMF mæli í þingeyjarsýslum (sjá verkefnið Ferðaþjónusta í byggðum landsins hér að neðan). Jafnframt endurspeglast vigt svæða að einhverju leiti í markaðsstærð þeirra, sem fram kemur í fólksfjölda og fjölda gesta er sækja svæðið heim um lengri eða skemmri tíma. Eins og áður sagði er stór hluti þess verkefnis sem nú er lýst að endurbæta og staðfesta núverandi hlutföll ferðaþjónustureikninga. Leitast verður við að sannreyna hve hátt hlutfall fyrirtækjareksturs er kominn til vegna ferðaþjónustu. Við þá greiningu verður byggt á ársreikningum fyrirtækja í ferðaþjónustu svæðisbundið. Þetta er vissulega enginn hægðarleikur og mun meira þarf en bara að skoða ársreikninga. Fara þarf yfir ársreikninga með rekstraraðilum til að leggja mat á hlutdeild ferðaþjónustu í umsvifum þeirra og arðsemi fyrirtækja. Umtalsvert traust þarf til að slík rýni geti farið fram. Ef þær niðurstöður kallast á við það sem þjóðhagsreikningar sýna fram á, er mögulega komin nálgun sem notast getur í íslensku samhengi.

Undirstaða þess að færa stærðir þjóðhagsreikninga niður á svæði landsins er eins og áður sagði notkun á þyngdarafslíkönum. Á undanförnum árum hefur talsvert borið á notkun þyngdarafslíkans og sk. þekkingarlíkans (e. *knowledge-capital model*) í alþjóðahagfræði við að greina flæði fjárfestingar milli svæða. Í þekkingarlíkani er bein erlend fjárfesting (e. *investment*) meðal annars fall af mannaud (e. *skilled labor*). Þannig er unnt að taka tillit til mannauds sem mælanlegar auðlindar svæðis sem til skoðunar er (e. *endowment*), sem allar þjóðir búa yfir í einhverju mæli. Mögulegt er að nýta sambættingu á þyngdarafslíkans og þekkingarlíkani við greiningu samhengis mikilvægra þjóðhagsstærða í tengslum við ferðaþjónustu. Með því verður leitast við að skýra flæði ferðafólks milli svæða, eftir stærð

þeirra og fjarlægðinni milli þeirra. Leitast verður við að áætla fjölda gesta út frá stærð og nýtingu hótela og veitingastaða, svipað og þegar gerðar eru rekstraráætlanir fyrir hótel. Gistináttaskýrslurnar munu nýtast vel í þessu tilliti gegnum tengingu við þjóðhagsstærðir eins og markmið þessa verkefnis segir til um. Þær gætu t.d. varpað ljósi á flæði ferðafólks milli svæða, t.d. milli Reykjavíkur, Akureyri og Húsavíkur.

Í svæðisbundnu samhengi væri einnig mögulegt að leitast við að greina samband innflæðis fjárfestingar á svæðið og innflæðis ferðafólks, þar sem samhliða (e. *simultaneous*) jöfnukerfi er notað við greininguna. Leitast verður við að ákvarða hvort um stuðningsáhrif, frekar en staðkvæmdaráhrif er að ræða, þ.e. að hvaða marki koma ferðafólks hvetur til fjárfestingar og fjárfesting hvetur til komu ferðafólks. Niðurstöður ættu m.a. að leiða í ljós hvort um svokallaðar tímatafir (e. *time-lag*) er að ræða. Tafirnar gætu t.d. verið um um eitt eða tvö ár, á annan hvorn veginn, þannig að ferðafólk komi á svæðið einu eða tveimur árum eftir uppbyggingu fjárfestingar, eða öfugt.

Hagnýtt gildi

Markmið með og einn megin afrakstur þessa verkefnis í heild er að skjóta rannsóknarstoðum undir útgáfu ferðaþjónustureikninga Hagstofu Íslands. Jafnframt verða þeir reikningar settir í víðara samhengi þar sem töflum reikninganna verður lýst á aðgengilegan og myndrænan hátt með samanburði milli ára og svæða innanlands, eftir því sem við á. Byggt verður á töflum ferðaþjónustureikninga þar sem tekið er á:

- Útgjöldum erlendra ferðamanna á Íslandi
- Útgjöldum innlendra ferðamanna um eigið land
- Innfluttri ferðamennsku
- Heildareftirspurn innanlands
- Framleiðslureikningur fyrir ferðaþjónustu
- Uppruni og ráðstöfun eftirspurnar og framleiðslu
- Vinnuafi í ferðaþjónustu
- Fjárfesting í ferðaþjónustu
- Ferðaþjónusta og stjórnsýslan
- Alþjóðlegt samhengi íslenskrar ferðaþjónustu

- Samanburður við Norðurlönd, Evrópu og heiminn á helstu stærðum
- Helstu stærðir bornar saman við ofangreint
- Fjöldatalning, gistenætur, niðurstöður kannana,

Í samantekt útgáfunnar verða jafnframt tækifæri og ógnanir ferðaþjónustu hverju sinni greindar í hnattrænu og íslensku samhengi. Komið verður með ábendingar til þeirra aðila er móta stefnu í ferðamálum og lykiltölur teknað saman.

Í meginmarkmiðum RMF er fjallað um farsæla þróun ferðamála fyrir land og lýð á grunni rannsókna. Þar er nefnt að rannsóknir á þeim gögnum sem aflað er um ferðamál fela meðal annars í sér vandaða greiningu hagtalna og forsendna þeirra.

Verkefni sem tiltekin eru í stefnumótunarvinnu RMF í febrúar og þættuð eru inn í þetta verkefni eru:

- Auka virðisauka ferðaþjónustu – greining
- Minnka svarta starfsemi í ferðaþjónustu - greining, breytt hugarfar
- Úttekt á umfangi ferðaþjónustu á Íslandi
- Áhrif ferðamennsku - þróun aðferða við mat
- Greining á hverjir eru hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu
- Þáttur ferðaþjónustu í uppbyggingu og viðhaldi innviða og þjónustu?
- Áhrif árstíðarsveiflu ferðaþjónustu á áfangastaði
- Margfeldis áhrif í ferðaþjónustu - samanburður svæða/greina
- Rannsókn á fjölda starfa í ferðaþjónustu – greining
- Hagræn svæðisbundin áhrif ferðaþjónustu svæði/viðburðir
- Ferðaþjónusta sem drifkraftur byggðarþróunar - greining

Ferðaþjónustureikningar Hagstofu Íslands hafa tekið saman þjóðhagslegan ávinning ferðaþjónustu á Íslandi. Gera má ráð fyrir að hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu hafi verið 6% á árinu 2011. Til samanburðar er gert ráð fyrir að hlutur fiskveiða sé 7,1% og vinnslu (3,7%) eða um 11% samtals á árinu 2011, hlutur rafmagns og hitaveita 3,7% og hlutur byggingarstarfseminnar eitthvað svipað eða um 3,7% af landsframleiðslu. Gjaldeyristekjur af

ferðaþjónustu hér innanlands voru um 15% gjaldeyristekna þjóðarbúsins (útflutningur vöru og þjónustu) á árinu 2011 eða um 141 milljarða króna. Ef við bætum við umsvifum íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja sem starfa aðallega utan Íslands hækkar þetta hlutfall í 19% og í 180 milljarða króna. Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2012 jukust gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum um rúma 10 milljarða króna, milli ára, úr rúmum 57 milljörðum króna í rösklega 67 milljarða króna. Á föstu verði er þetta 12% aukning milli ára. Til samanburðar voru gjaldeyristekjur af útflutnum sjávarafurðum rúmlega 250 milljarðar króna á árinu 2011 eða 26% af heildarútflutningstekjum (vöru og þjónustu) – útflutningstekjur orkufreks iðnaðar var viðlíka eða um 26% af heildarútflutningstekjum. Með þessu verkefni mun fást möguleiki að heimfæra eitthvað af þessum stærðum uppá svæði landsins, sem og að sannreyna gildi þeirra.

Þolmörk ferðamennsku

Þolmörk hafa verið rannsókuð víðsvegar frá ýmsum sjónarhornum. Fyrir rúnum 12 árum var fyrsta verkefninu á sviði þolmarkarannsókna hér á landi ýtt úr vör þar sem fimm staðir voru rannsakaðir;

- Þjóðgarðurinn í Skaftafelli,
- Friðland á Lónsöræfum,
- Landmannalaugar,
- Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum,
- Mývatnssveit.

Niðurstöðum þessara rannsókna er ítarlega lýst í þremur skýrslum með titlinum „þolmörk ferðamennsku“ sem gefnar voru út á tímabilinu 2001 – 2003, þar sem greind voru þolmörk í Skaftafelli (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Arnar M. Ólafsson, Björn M. Sigurjónsson og Bergþóra Aradóttir, 2001), friðlandi á Lónsöræfum (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Bergþóra Aradóttir, Arnar M. Ólafsson Gunnþóra Ólafsdóttir, 2003) og Landmannalaugum (Bergþóra Aradóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Arnar M. Ólafsson, 2003). Ekki var unnið uppúr öllum þeim gögnum sem aflað var. Frá þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum voru einungis birtar niðurstöður um viðhorf ferðamanna (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Svanhildur Þorsteinsdóttir, 2002) en ekkert var birt um þolmörk í Mývatnssveit. Það var ekki fyrr enn rúnum áratug síðar sem unnin var rannsókn á viðhorfum heimamanna í Mývatnssveit sem lokaverkefni við Háskólann á Akureyri og annað við Háskólann á Hólum (Margrét H. Valsdóttir, 2011 og Hörður E. Finnboagason, 2011). Rannsóknir á þolmörk ferðamanna hafa auk þess verið unnar á hálandissvæðum sunnanlands og gefnar hafa verið út frekari rannsóknir á Landmannalaugasvæðinu (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2004a; 2004b), á Kili (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2009) og í Friðlandi að Fjallabaki (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2012) þar sem vinnulag þolmarkarannsókna hefur að hluta verið betrumbætt. Heildstæð greining þolmarka hefur aðeins farið fram á einum stað á landinu í kjölfar skýrslnanna þriggja frá upphafsárum aldarinnar þar sem þolmörk voru greind við Laka árið 2007 (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2007).

Markmið

Þessi rannsókn snýr að þolmörkum ferðafólks á fimm náttúruskoðunarstöðum á landinu þ.e. við Langasjó, Lónsöræfi, Skaftafell, Mývatnssveit og Jökulsárgljúfur. Jafnframt er skoðað hvernig þau hafa breyst á þeim rúma áratug sem liðinn er frá því þau voru rannsökuð síðast. Þessi rannsókn mun snúast um mat á því hvort tiltekin fjöldi gesta á fyrnefndum stöðum og uppbygging ferðaþjónustu þar sé ásættanleg eða óásættanleg útfrá sjónarhóli þeirra gesta sem sækja staðina heim. Með því verður upplýst um viðmið fyrir stefnumótun í ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar.

Byggir aðferðarfræðin á rannsóknum sem unnar höfðu verið á þolmörkum ferðamennsku á nefndum náttúruskoðunarstöðum á landinu og sjá má yfirlit um í töflu 3.

Tafla 3: Fyrri kannanir meðal ferðafólks á völdum náttúrusvæðum

	N	Ár gagna-söfnunar
Langisjór	19	2000
Lónsöræfi	95	2000
Skaftafell	662	2000
Mývatnssveit	746	2001
Jökulsárgljúfur	1.111	2001
Alls	2.633	

Sjá má í töflu 3 að um er að ræða spurningarlista og til þessa hafa alls 2.633 svör borist sem verða grundvöllur greiningar svara til að sjá hvort breytingar hafi orðið gegnum tímann. Í spurningarlistunum er skoðað m.a. hvaða ferðafolk sækir staðinn heim, hvernig ferðahegðun þeirra er, hvað þeim finnst um fjölda annarra gesta og umfang ferðamennsku, hversu ánægðir þeir eru, hvaða óskir þeir hafa um uppbyggingu og þjónustu. Svör gesta eru greind á sk. viðhorfskvarða (e. *The Purist Scale*). Mikilvægt er að uppfylla lágmarksvæntingar gesta en þá er auðvitað mikilvægt að átta sig á því hverjar þær eru. Skynjun fólks er einn meginþáttur upplifunar og hugmyndir fólks um hvað sé í vændum skilyrðir þá skynjun að miklu leyti. Hér liggar til grundavallar sú staðhæfing að „kröfur manna eru ólíkar og því eru þolmörk ferðamannastaða breytileg eftir því hver á í hlut“ (Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl. 2001, bls. 9). Með framhaldi þessara rannsókna fæst yfirlit í tíma um þróun viðhorfa gesta á ákveðnum stað, sem sýnir hvernig uppbygging og gestafjöldi hefur áhrif á þá gesti sem sækja staði heim.

Hagnýtt gildi

Þolmarkarannsóknirnar hafa verið nýttar meðal annars af Skipulagsstofnun við móturn landnýtingaráætlunar á hálendinu og gerð landsskipulags og af Umhverfisstofnun við móturn verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki. Hér er því um að ræða mjög hagnýtar rannsóknir sem eru að sama skapi ákaflega mikilvægar þar sem þekking á þolmörkum og skipulag ferðamannastaða með tilliti til þeirra er lykilatriði þegar byggja skal upp sjálfbæra ferðamennsku til framtíðar. Því er mikilvægt fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu að á hverjum tíma séu þessar upplýsingar sem áreiðanlegastar.

Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs (febrúar 2011) setur fram metnaðarfull markmið um samþættingu náttúruverndar, útvistar og byggðaþróunar. Þessi áform marka vatnaskil í hugmyndafræði náttúruverndar á Íslandi og ríma jafnframt vel við breyttar, nútímalegar áherslur um markmið og stjórnun friðlýstra svæða á alþjóðavettvangi, t.a.m. á vegum Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (e. *International Union for Conservation of Nature, IUCN*) og EUROPARC. Náttúruvernd, útvist og byggðaþróun geta skarast á ýmsa vegu en veigamesti tengipunktur þeirra allra er þó ferðamennska. Ferðafólk sækist eftir útvist í náttúrunni sem þjóðgarðinum er í senn ætlað að standa vörð um og veita aðgang að. Komur þeirra í þjóðgarðinn og grannbyggðir hans skapa tekjur fyrir ferðaþjónustuaðila og margvísleg fyrirtæki í grunngreinum verslunar og þjónustu. Þar sem grenndarsamfélög þjóðgarða eru gjarnan jaðarbyggðir geta þessi síðasttöldu hagrænu áhrif af starfsemi þjóðgarða skipt miklu máli fyrir áframhaldandi tilvist slíkra byggðarlaga, en þjóðgarðar geta einnig skapað ýmis jákvæð samfélagsáhrif svo sem eflingu sjálfsmynadar, hærra menntunarstig og aukna umhverfisvitund. Með því að standa vörð um náttúruna leitast þjóðgarðar ekki aðeins við að vernda viðkvæm, fágæt og/eða sérstæð fyrirbæri hennar sem slík, heldur einnig að skapa grunn að langtíma nýtingu þeirra gæða sem í náttúrunni felast. Slík náttúrunýting innan þjóðgarða fer fyrst og fremst fram í gegnum ferðamennsku og því þarf að tryggja að öll uppbygging ferðaþjónustu sé vel upplýst og skipulögð. Eins og öll nýting náttúrugæða er enn fremur mikilvægt að uppbygging ferðaþjónustu grundvallist á hugmyndafræði og viðmiðum sjálfbærrar þróunar. Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu (e. *sustainable tourism*) í þjóðgörðum er því í senn grunnforsenda langtíma náttúrunýtingar og lykilatriði í samþættingu náttúruverndar, útvistar og byggðaþróunar. Þetta má glöggt sjá af fyrstu opinberu íslensku skilgreiningunni á sjálfbærri ferðaþjónustu en hana má einmitt finna í reglugerðinni um Vatnajökulsþjóðgarð (606/2008):

Sjálfbær ferðaþjónusta mætir þörfum ferðamanna og heimamanna en stuðlar um leið að verndun og auknum markaðstækifærum til framtíðar. Þetta felur í sér að auðlindum er stjórnað með þeim hætti að efnahagslegum, félagslegum og fagurfræðilegum þörfum er fullnægt, á sama tíma og viðhaldið er menningu, nauðsynlegum vistfræðilegum ferlum, líffræðilegri fjölbreytni og nauðsynlegum lífsskilyrðum.

Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu snertir óhjákvæmilega hagsmuni fjölmargra aðila sem t.a.m. geta varðað viðskipti, landareign og búsetumögulega. Augljósasta dæmið um þetta eru ferðaþjónustufyrirtækin sjálf sem alla jafnan eru ótengd þjóðgarðinum og staðsett utan hans. Ef sjálfbær ferðaþjónusta í þjóðgörðum á að ná markmiðum sínum þarf þróun hennar að byggja á nánu samráði við alla aðila sem hlut eiga að máli (e. *stakeholders*), bæði vegna hagsmuna þeirra sem slíkra og vegna þess að nýtingin sjálf er að stofni til í höndum slíkra aðila og því snúa mögulegar kvaðir og skyldur að stærstum hluta að þeim. Ef ekki ríkir víðtæk sátt um markmið, forsendur og viðmið sjálfbærrar ferðaþjónustu er veruleg hætta á því að þróunarferlið misheppnist eða leiði jafnvel til aukinna árekstra.

Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er að hanna, prófa og leggja mat á verklag til þess að leiða fram heildstæða, sameiginlega stefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði. Í hnottskurn felst verkefnið í myndun samráðsvettvangs stjórnenda og hagsmunaaðila, ásamt þróun á aðferðafræði samráðs, sem mun skapa grunn að því að gagnkvæmur skilningur og sátt skapist um framtíðaruppbryggingu ferðaþjónustu. Viðfangsefni verkefnisins og fræðileg nálgun er mjög í anda nútímahugmynda um stjórnun þjóðgarða, sbr. viðmið og leiðbeiningar IUCN. Lagt verður gagnrýnið mat á árangur verkefnisins á hverju stigi og allar útkomur samráðsferilsins metnar með hliðsjón af fræðilegum viðmiðum. Þannig verður búið til fræðilega traust en jafnframt notendavænt skapalón til að leysa/fyrirbyggja ágreining um uppbryggingu ferðaþjónustu í þjóðgarðinum og grannbyggðum hans.

Aðferðir

Verkefnið sem hér um ræðir felst í því að (a) hanna, (b) prófa og (c) meta nýtt verklag við þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu sem skapar möguleika á nánu samstarfi þjóðgarðsyfirvalda og hagsmunaaðila (þ.m.t. ferðaþjónustufyrirtækja, útvistarhópa og fulltrúa sveitarfélaga). Þetta nýja verklag felst í hönnun á samráðsferli sem samanstendur annars vegar af myndun samráðsvettvangs þar sem allir hlutaðeigandi aðilar geta komið saman til að skiptast á skoðunum og hins vegar á þróun aðferðafræði samráðs sem mun liðka fyrir frjálsum, málefnalegum skoðanaskiptum um gildi og forsendur sjálfbærrar ferðaþjónustu. Á grundvelli

þeirrar sáttar verður unnið að nánari skilgreiningu á þeim viðmiðum eða reglum sem hagsmunaaðilum ber að halda í heiðri, en þar getur bæði verið um að ræða almenn viðmið sem gilda fyrir alla og sértæk viðmið sem varða einstök svið ferðaþjónustu. Verkefnið sækir fyrirmyn dir að ofangreindu verklagi annars vegar til reynslu alþjóðlegra aðila, s.s. IUCN og EUROPARC-samtakanna, og hins vegar til akademískra rannsókna á stöðu og fyrirkomulagi ferðaþjónustu og stjórnunar í þjóðgörðum víða um heim.

Verkefnið verður unnið undir stjórn Dr. Þorvarðar Árnasonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði, og verður jafnframt grunnur að doktorsverkefni Johannesar T. Welling við Háskóla Íslands. Verkefnið byggir á tiltölulega nýlegri fræðilegri nálgun sem þýða mætti sem „aðlögunarhæfa samstjórnun“ (e. *adaptive co-management*). Þjóðgarðar og grannbyggðir þeirra mynda til samans eitt samfellt „félagsvistfræðilegt kerfi“ (e. *socio-ecological system*) sem er í stöðugri þróun og getur verið viðkvæmt fyrir óvæntum breytingum. Kjarninn í samstjórnuninni felst í að koma af stað gagnvirku lærdómsferli á meðal hagsmunaaðila (e. *social learning*) þannig að þeir öðlist skilning á gildum og skoðunum hvers annars, sjái sameiginlega hagsmuni og geti í framhaldi af því skilgreint aðgerðir sem víðtæk sátt ríkir um. Sett verður upp tilraunaverkefni í þremur samtengdum lotum á Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og í lok verkefnisins gert ráð fyrir að fyrir liggi skapalón sem unnt verði að beita á hinum svæðum þjóðgarðsins. Að því loknu hefði þjóðgarðurinn þau tæki og tól í höndunum sem hann þarf að hafa m.a. til að geta fengið fulla aðild að ECST. Kjarni verkefnisins snýst um að skapa grundvöll fyrir markvissa og árangursríka þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu. Markhópur verkefnisins eru fyrst og fremst ferðaþjónustufyrirtæki og aðrir hagsmunaaðilar, sem öllum verður boðin aðild að samráðsferlinu.

Hagnýtt gildi

Verkefnið hefur mikið hagnýtt gildi vegna mikilvægis þess að skapa skýran ramma um sívaxandi ferðaþjónustu í þjóðgarðinum og nágrenni hans. Verkefnið mun styrkja tengsl þjóðgarðsins við hagsmunaaðila í grannbyggðum og þannig efla samkennd um mikilvægi hans. Jafnframt mun það efla samspil innan og á milli byggðarlaga.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur sótt um aðild að *European Charter for Sustainable Tourism in Protected Areas* (ECST) en til þess að hljóta slíka aðild þurfa þjóðgarðar að uppfylla margvísleg skilyrði sem flest hverfast í kringum móturn virks samráðsferlis: „Grunnþáttur samningsins er að unnið sé í samvinnu við alla sem málið varðar – og að þróuð sé almenn sjálfbær stefnumótun í ferðaþjónustu og aðgerðaáætlun á grundvelli ítarlegrar greiningar á aðstæðum“ (sjá: <http://www.european-charter.org/home>). Þróun samráðsvettvangs er að auki ein meginforsenda þess að Vatnajökulsþjóðgarður geti öðlast vottun frá EUROPARC-samtökunum. Bæði hún og ECST vottun mun auka orðstír Vatnajökulsþjóðgarðs á alþjóðlegum vettvangi.

Ferðaþjónusta í byggðum landsins

Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu er yfirskrift þriggja ára rannsóknarverkefnis á hagrænum áhrifum ferðaþjónustu í byggðum landsins sem dr. Helga Kristjánsdóttir hagfræðingur og Lilja B. Rögnvaldsdóttir viðskiptafræðingur vinna að. Rannsóknin er unnin á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík í samstarfi við Rannsóknamiðstöð Ferðamála og Pekkingarnet Þingeyinga.

Markmið

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að leggja mat á efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu. Heildaráhrifin verða metin með því að einangra hagstærðir við sýsluna með sértækri rannsókn. Tekjur sem eru tilkomnar vegna sölu á vörum og þjónustu innan ferðaþjónustunnar verða mældar auk þess sem fleyting tekna um staðbundið hagkerfi svæðisins verður sérstaklega athuguð.


Talsverð óvissa hefur hingað til ríkt um efnahagsþátt ferðaþjónustunnar. Hagstofa Íslands hefur frá árinu 2000 tekið saman og birt ferðaþjónustureikninga sem hafa það hlutverk að meta efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu fyrir þjóðarbúskapinn (Hagstofa, 2011). Notast hefur verið við fyrirfram ákveðið hlutfall af heildarumsvifum fyrirtækja í ýmsum atvinnugreinum til að áætla hlutdeild ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu. Með þessari rannsókn verða ársreikningar ferðaþjónustuaðila sem og annarra rekstraraðila á svæðinu skoðaðir og greindir og niðurstastaðan ætti því að gefa skýrari mynd af raunverulegum umsvifum atvinnugreinarinnar.

Rannsóknin er unnin samhliða sambærilegri rannsókn á þjóðhagslegum áhrifum ferðaþjónustu og munu niðurstöður þessa verkefnis speglar og sannreyna í héraði tölfraðivinnslu þjóðhagsstærða. Einnig getur rannsóknin haft alþjóðlegt gildi, því með henni gefst tækifæri á samanburði við staðbundnar rannsóknir af svipuðum toga í öðrum löndum.

Aðferðir

Öflun gagna verður með tvennum hætti, annars vegar með rannsókn á fyrirliggjandi greinum, skýrslum og tölulegum gögnum og hins vegar með einstaklingsviðtölum við ferðaþjónustuaðila og ársreikningagreiningu. Að auki verður rætt við forsvarsmenn fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum, starfsfólk hjá hinu opinbera sem og fólk í klasasamtökum ferðaþjónustunnar í Þingeyjarsýslu. Úrtak verður unnið úr þýði með 568 fyrirtækjum í sýslunni, sem er heildarfjöldi fyrirtækja í Þingeyjarsýslu samkvæmt Atvinnumálakönnun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga (2012).

Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustunnar eru ýmist bein, óbein eða afleidd. Leitast verður við að meta beinu áhrifin með ársreikningagreiningu ferðaþjónustuaðila en til að leggja mat á óbeinu og afleiddu áhrifin verður eigindlegum rannsóknaraðferðum í formi hálfstaðlaðra viðtala beitt.



Mynd 1: Hagræn áhrif ferðaþjónustunnar.

Heimild: Byggt á flæðiriti World Travel & Tourism Council, 2012

Við greiningu gagna verður fyrirliggjandi gögnum teft saman við niðurstöður úr viðtölum með það að markmiði að meta heildaráhrif ferðaþjónustunnar í hagrænum skilningi og bera saman niðurstöður Hagstofunnar á landsvísu við þessa landshlutarannsókn. Kenningar um margfeldisáhrif verða hafðar að leiðarljósi þegar áhrif ferðaþjónustu á tekjur og störf verða metin (Vífill Karlsson, 2007).

Hagnýtt gildi

Niðurstöður rannsóknarinnar munu gefa lesendum innsýn í staðbundið hagkerfi svæðisins. Nýnæmi rannsóknarinnar felst í greiningu af þessu tagi á tilteknu atvinnusvæði á Íslandi. Svo viðamikil rannsókn á margfeldisáhrifum á tekjur og atvinnu á afmörkuðu svæði hefur ekki verið framkvæmd áður í Þingeyjarsýslu. Jafnframt er nýnæmi í aðferðafræðinni sem notuð verður. Fyrri rannsóknir á hagrænum áhrifum ferðapjónustu á Húsavík hafa grundvallast við spurningalista með lokuðum spurningum til ferðafólks en í þessari rannsókn verður megináhersla lögð á rekstrarupplýsingar fyrirtækja.

Þar sem um er að ræða nýja og töluvert viðamikla aðferð við að rannsaka efnahagsleg áhrif einnar atvinnugreinar á fyrirfram skilgreindu svæði, eru bundnar vonir við að verkefnið nýtist sem fyrirmýnd fyrir önnur svæði síðar meir auk þess sem hún veitir mikilvæga innsýn í eðli atvinnugreinarinnar, t.d. á svæðum þar sem uppygging ferðapjónustu er fyrirhuguð. Verkefnið mun jafnframt nýtast Hagstofu Íslands við endurskoðun og betrumbætur svokallaðra ferðapjónustureikninga og er verkefnið unnið í samvinnu við hana.

Heimildir

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2004a). Þolmörk ferðamennsku: Þversagnir í upplifunum og óskum ferðamanna í Landmannalaugum. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 11-25). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2004b). Adapting to change: Maintaining a wilderness experience in a popular tourist destination. *Tourism Today*, 4: 52–65.

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2009). Viðhorf ferðamanna á Kili. Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 13-28). Reykjavík: Háskólaútgáfan

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2007). *Ferðamennska við Laka*. Höfn í Hornafirði: Rit Háskólastursins á Hornafirði nr. 5.

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Svanhildur Þorsteinsdóttir (2002). *Þolmörk ferðamennsku í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Viðhorf ferðamanna og stefna yfirvalda*. Reykjavík: Náttúruvernd ríkisins.

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson (2012). *Þolmörk ferðamanna í Friðlandi að Fjallabaki*. Reykjavík: Umhverfisstofnun og Háskóli Íslands.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Arnar M. Ólafsson, Björn M. Sigurjónsson og Bergþóra Aradóttir (2001). *Þolmörk ferðamennsku í þjóðgarðinum í Skaftafelli*. Akureyri: Ferðamálastetur Íslands, Ferðamálaráð, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Bergþóra Aradóttir, Arnar M. Ólafsson Gunnþóra Ólafsdóttir (2003). *Þolmörk ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum*. Akureyri: Ferðamálastetur Íslands, Ferðamálaráð, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (2012): *Atvinnumálakönnun* (óútg.). Tölvupóstur frá Ara Páli Pálssyni, aripall@atthing.is 25.09.2012.

Ateljevic, J. og Page, S.J. (2009). *Tourism and Entrepreneurship: International Perspectives*. Oxford: Butterworth-Heinemann.

Bergþóra Aradóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Arnar M. Ólafsson (2003). *Þolmörk ferðamennsku í Landmannalaugum*. Akureyri: Ferðamálastetur Íslands, Ferðamálaráð, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.

George, W. E., Mair, H., og Reid, D. G. (2009). *Rural Tourism Development: Localism and Cultural Change*. Bristol: Channel View Publications.

Gunnar Þór Jóhannesson og Edward H. Huijbens. (2010). Tourism in the times of crisis: exploring the discourse of tourism development in Iceland. *Current Issues in Tourism*, 15(5): 419-434.

Hagstofa Íslands. (2011). *Ferðapjónustureikningar 2009-2011* [Rafræn útgáfa]. Hagtíðindi, 96(66), 1-28. <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13357>. Síðast skoðað 02.10.2012

Hörður E. Finnbogason (2011). *Félagsleg þolmörk heimamanna í Mývatnssveit gagnvart ferðapjónustunni*. Hólar í Hjaltadal: BA ritgerð frá ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Margrét H. Valsdóttir (2011). *Hvað finnst Mývetningum um ferðapjónustu?* Akureyri: BS ritgerð við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri.

Nash, R., og Martin, A. (2003). Tourism in Peripheral Areas; The Challenges for Northeast Scotland. *International Journal of Tourism Research*, 5(3): 161-181. doi:10.1002/jtr.426

Novelli, M., Morgan, N. og Nibigira, C. (2012). Tourism in a post-conflict situation of fragility. *Annals of Tourism Research*, 39(3): 1446–1469.

Ren, C., Pritchard, A. og Morgan, N. (2010). Constructing Tourism Research - A Critical Inquiry. *Annals of Tourism Research*, 37(4): 885–904.

Skinner, J. and Theodossopoulos, D. (2011). Introduction: The Play of Expectation in Tourism. Í J. Skinner and D. Theodossopoulos (ritstj.) *Great Expectations: Imagination and Anticipation in Tourism* (bls. 1-26). New York: Berghahn Books.

Vífill Karlsson (2007). Staðbundin margfeldisáhrif: yfirlit kenninga og rannsókna. [Rafræn útgáfa]. *Bifröst Journal of Social Science / Tímarit um félagsvísindi*. 1(1): 56-71. Vinnugrein (Working paper) <http://hdl.handle.net/1946/7663>, Síðast skoðað 03.10.2012.

World Travel & Tourism Council (2012). *Travel & Tourism. Economic impact 2012 Iceland*. [Rafræn útgáfa]. Síðast skoðað 4. október 2012:

http://www.wttc.org/site_media/uploads/downloads/iceland2012.pdf

Zhao, W., Ritchie, J.R.B. og Ectner, C.M. (2011). Social Capital and Tourism Entrepreneurship. *Annals of Tourism Research*, 38(4): 1570-1593.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA
DESEMBER 2012